

Alþjóðlegur dagur móðurmálsins 21. febrúar 2019


Ánægjulegt var að heyra frá kennurum sem hugðust vinna með nemendum sínum að verkefnum sem tengdust alþjóðlegum degi móðurmálsins. Á Amtsbókasafninu var einnig boðið upp á ýmislegt sem tengdist þessum degi og margir mættu og kynntu tungumálið sitt, bækur o.fl.



Það var margt um manninn á bókasafninu eins og sést á þessari mynd.




Við **sænska borðið** var hægt að skoða ýmsa jákvæða speki á fallegum, skær litum miðum.



Og orðtökin eru þau sömu á ólíkum tungumálum. Hér sjáum við orðtakið „Að kaupa köttinn í sekknum“ í myndrænum búningi og á hollensku. Útskýringar á ensku neðst á mynd.



Margir höfðu áhuga á að skoða arabísku, sem er mjög frábrugðin okkar leturgerð og hver lína lesin frá vinstri til hægri og byrjað „aftast“ á bókunum.



Hér er opna úr Koraninum á arabísku. Ótrúlega falleg bók.



Ungverska er tungumál sem við sjáum ekki oft skrifað, né heyrum talað.

Þessum leið vel á bókasafninu og hlustuðu á sögu lesna á arabísku og íslensku.



Pólskar og enskar bækur deildu borði!



Flott framtak og skemmtileg stund á bókasafninu!

HH fræðsluviði Akureyrarbæjar.